

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

31. fundur.

að Hlíðavegi 6, 22. 1. 2004, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

- | | |
|-----|--|
| 1. | Fundarsetning. |
| 2. | Fjárhagsáætlun, síðari umræða. |
| 3. | Erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagnar um mat á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar og Bjarnarflagslínu. |
| 4. | Erindi fjáröflunarnefndar vegna æfingaferðar til Álborgar. |
| 5. | Erindi Sambands ísl. sparisjóða vegna kaupa visðskiptabanka á sparisjóðum. |
| 6. | Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga um lánsúmsóknir 2004. |
| 7. | Fjárhagsáætlun Hérðasnefndar Þingeyinga 2004 |
| 8. | Álagningarreglur fasteignagjalda 2004 |
| 9. | Sorpgjöld 2004 |
| 10. | Fundargerð bygginganefndar frá 19. janúar. |

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og lagði til að 10. lið, fundargerð bygginganefndar frá 19. janúar verði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun, síðari umræða.

Samkvæmt niðurstöðum rekstrarhluta fjárhagsáætlunar eru um 16 milljónir króna handbærar frá rekstri á þessu ári.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

Ég geri tillögu um að fjárhagsáætlun verði samþykkt eins og hún liggur fyrir fundinum. Aðalviðfangsefni sveitarsjóðs á þessu ári verður viðbygging við skólann og bygging leikskóla. Gróf kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir að verkið í

heild kosti um 70 milljónir króna. Nánari kostnaðaráætlun mun liggja fyrir í febrúar skv. upplýsingum arkitekts og verkfræðistofu. Á þessari stundu liggur ekki ljóst fyrir hvort og með hvaða hætti Jöfnunarsjóður sveitarfélaga kann að koma að þessum framkvæmdum. Sveitarstjóra verði falið að afla upplýsinga um þau mál, sem og um lánaþyrirgreiðslu Jöfnunarsjóðs vegna framkvæmdanna, en Skútustaðahreppur skuldar Jöfnunarsjóði um 9 milljónir króna um þessar mundir.

Með breytingum sem átt hafa sér stað á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og lækkun tekjuskatts fyrirtækja er ljóst að tekjur sveitarfélagsins fara hlutfallslega lækkandi. Því er nauðsynlegt að skrifstofu Skútustaðahrepps í samráði við stjórnendur stofnana hreppsins verði falið að leita leiða á næstu vikum til sparnaðar og leggja hugmyndir fyrir sveitarstjórn þess efnis.

Samþykkt samhljóða.

3. Erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagnar um mat á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar og Bjarnarflagslínu.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar því að loks skuli sjá fyrir endann á umhverfismati um Bjarnarflagsvirkjun, en gerð þess hófst fyrir 9 árum.

Sveitarstjórn telur að framkvæmdin hafi í för með sér óveruleg umhverfisáhrif. Tveir kostir eru lagðir fram um staðsetningu virkjunarhúsa: Tillaga A, þar sem þau eru sunnan Þjóðvegur, rétt vestan undir Námafjalli. Tillaga B gerir ráð fyrir staðsetningu norðan Kísiliðjunnar. Sveitarstjórn gerir ekki upp á milli þessara tveggja kosta.

Samþykkt samhljóða.

4. Erindi fjáröflunarnefndar vegna æfingaferðar til Álaborgar.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 30 þúsund.

5. Erindi Sambands ísl. sparisjóða vegna kaupa viðskiptabanka á sparisjóðum.

Lengst af hafa sparisjóðir einar fjármálastofnana þjónustað Mývetninga og gengt mikilvægu hlutverki í fjármálaþjónustu sveitarinnar. Starfsemi sparisjóðanna hefur skipt máli, einkum í hinum dreifðari byggðum.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að ef miklar breytingar verði á starfsemi sparisjóða muni þjónusta minnka, störfum fækka og óvissa skapast um fjármálaþjónustu í mörgum byggðarlögum.

6. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga um lánsúmsóknir 2004.

Sveitarstjóra falið að leita hófanna um lántöku vegna byggingar við skóla og byggingar leikskóla. Upplýsingar verði síðan lagðar fyrir sveitarstjórn og nýsamþykktri fjárhagsáætlun breytt verði af lántöku.

7. Fjárhagsáætlun Hérðasnefndar Þingeyinga 2004.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fjárhagsáætlunina.

Reynist vilji til að ljúka útgáfu Ætta Þingeyinga mun Skútustaðahreppur ekki skerast úr leik.

8. Álagningarreglur fasteignagjalda 2004.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir fundinum sem er í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar sem sveitarstjórn samþykkti í desember:

Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2004.

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1955, 0,50% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 1,50% af fasteignamati.
- c) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- d) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- e) Lóðaleiga, kr. 7,00 á m².

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 10.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2004. Gjalddagi gjalda undir kr. 10.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2004, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

100% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 1.405.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 1.955.000-

80% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 1.405.000- til kr. 1.610.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 1.1955.000- til kr. 2.190.000-

50% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 1.610.000- til kr. 1.845.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 2.190.000- til kr. 2.600.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt **staðfestu afriti af skattaframtali 2004** og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

Sorphirðugjöld:

- A.) Íbúðir
Sorphirðugjald kr. 13.200- á íbúð
- B.) Fyrirtæki.
Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.

Flokkur a) kr.	13.200-
b) kr.	36.300-
c) kr.	66.000-
d) kr.	121.000-
e) kr.	236.500-
f) kr.	357.500-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið hefur verið að innheimta ekki heilbrigðiseftirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2004, sem heimilt er samkv. lögum.

Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.

Tillagan samþykkt samhljóða.

9. Sorpgjöld 2004.

Frestað til næsta fundar.

10. Fundargerð bygginganefndar frá 19. janúar.

Liðir 1 og 2 sem eru erindi Baðfélags Mývatnssveitar um byggingarleyfi fyrir húsi sem í verði búningsaðstaða o.fl og hús fyrir gufubað sem og bráðabirgða starfsmannahús (stöðuleyfi) ásamt lið 3 sem er erindi Ferðafélags Akureyrar um skála við Hálendismiðstöðina í Drekgili.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu bygginganefndar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.